

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

7. tbl. 4. árg.

4. ágúst 2026



### Baldur kominn heim

Breiðafjarðarferjan Baldur sneri heim fimmtudaginn 23. júlí eftir að hafa sinnt siglingum milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja frá því í byrjun júní vegna bilunar í Herjólf. Frá og með föstudeginum 24. júlí hófust reglubundnar ferjusiglingar milli Stykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar á ný. Ákvörðun innviðaráðherra um að færa Baldur til Vestmannaeyja var kynnt 2. júní eftir að önnur vél Herjólfsláði. Baldur hóf siglingar þar 8. júní, í þriðja sinn á skömmum tíma, til að

tryggja samgöngur við Eyjar á meðan viðgerð stóð yfir. Á sama tíma tók farþegabáturinn Særún við siglingum til Flateyjar en engar siglingar voru yfir á Brjánslæk. Fljótlega kom í ljós að viðgerð Herjólfslá tæki lengri tíma en upphaflega hafði verið áætlað og því var dvöl Baldurs í Vestmannaeyjum framlengd. Sú ákvörðun vakti hörð viðbrögð víða við Breiðafjörð þar sem sveitarfélög, íbúar og atvinnulíf bentu á að brotthvarf ferjunnar hefði veruleg áhrif á samgöngur, ferðaþjónustu,

atvinnustarfsemi og þjónustu við Flatey yfir annasömustu ferðavikur sumarsins. Þá snéri óánægjan einna helst að því að Baldur skyldi sigla samhliða Herjólf en ekki aðeins leysa hann af á meðan Herjólfur var ekki til taks. Samhliða heimkomu Baldurs birtu fjölmiðlar pistil innviðaráðherra, Eyjólf Ármannssonar, þar sem hann fjallaði um ákvörðunina um að færa ferjuna tímabundið til Vestmannaeyja. Þar rakti ráðherra þær forsendur sem lágu að baki ákvörðuninni og

ítrekaði að um öryggisráðstöfun hafi verið að ræða. Ráðherra sagði jafnframt að verkefnið framundan væri að koma í veg fyrir að sambærileg staða kæmi upp aftur. Fyrsta skrefið hefði þegar verið tekið með pöntun á tveimur nýjum rafmótorum í Herjólf sem ætlaðir eru til vara ef sambærileg bilun kæmi upp síðar. Að lokum þakkaði ráðherra íbúum og fyrirtækjum við Breiðafjörð fyrir þolinmæðina.

## Heima í Hólmi



*Hljómsveitin Dynjandi tróð upp á Sundabakka. Í sveitinni eru tveir Hólmarar, þau Bæring Nói Dagsson og Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir.*

Dagana 10.–11. júlí var tónlistarhátíðin Heima í Hólmi haldin í þriðja sinn í Stykkishólmi. Hátíðin er hugarfóstur Hjördísar Pálsdóttur sem sér um undirbúning og skipulag hennar. Líkt og fyrri ár fóru tón-

leikar fram í heimahúsum, heimagörðum og á öðrum óvenjulegum stöðum víðs vegar um bæinn og skapaði það einstaka og persónulega stemningu.

Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt og bauð

upp á fjölbreytta tónlistarupplifun fyrir gesti á öllum aldri. Á föstudagskvöldinu komu fram Rakel Pálsdóttir og Birgir Þórisson, Dynjandi og Þrír á þremur mismunandi stöðum í bænum. Á laugardegnum

hófst dagskráin með fjölskylduskemmtun í Hólmgarði þar sem boðið var upp á barnadagskrá og kvenfélagið sá um kaffisölu. Um kvöldið tóku síðan við tónleikar með Proyecto Profundo, Salsakommúnunni og Svenna Davíðs sem lauk hátíðinni með glæsibrag.

Heima í Hólmi hefur á skömmum tíma fest sig í sessi sem einn af vinsælustu menningarviðburðum sumarsins í Stykkishólmi. Með því að færa tónleikana inn á heimili og garða bæjarbúa skapast einstök nálægð milli listafólks og gesta og gefur hátíðinni hlýlegt og notalegt yfirbragð.

## Víða standa yfir framkvæmdir



*Einingar Stólpa ehf. hífðar á sinn stað í Víkurhverfi.*

Um þessar mundir standa víða yfir framkvæmdir í Stykkishólmi. Víkurhverfið heldu áfram að vaxa en Stólpi ehf. vinnur nú að því að koma upp tíu litlum íbúðum við Bauluvík 1. Tvö einbýlishús hafa

risið við enda Daddavíkur og nú í sumar hafa einnig tvö ný hús risið á Hjallatanga auk þess sem undirbúningur fyrir það þriðja er hafinn. Auk þeirra sem standa í stórræðum má víða sjá samviskusama

Hólmara og Helgfellinga huga vel að húsum sínum og halda umhverfinu snyrtilegu. Starfsmenn sveitarfélagsins hafa undanfarna daga snyrt lóð leikskólans, yfirfarið leiktæki og palla, auk þess sem



*Skipt um járn á þaki tónlistarskólans.*

unnið er nú að því að mála bakkasel, færanlegu kennslustofuna við leikskólann. Nýlega lét sveitarfélagið skipta um þakkant á Höfðaborg en nú er unnið að því að skipta um járn á þaki tónlistarskólans.

## Endurbætur á sturtuklefum



Fyrir framkvæmdir var víða farið að sjá á efninu.

Fyrir skemmstu var ráðist í endurbætur á sturtuklefum á neðri-hæð Íþróttamiðstöðvar Stykkishólms. Bæjarstjórn ungra fólksins vakti athygli á báglegri stöðu sturtuklefanna á síðasta fundi sínum, þann 9. apríl síðastliðinn,



Nýtt efni komið á.

og hvatti til úrbóta. Í júlímánuði var nýtt lag af epoxý sett á sturtuklefana auk þess sem sturtur voru yfirfarnar. Eins

og sjá má á myndum hér að ofan var víða farið að sjá á efninu sem fyrir var og því tími kominn á endurbætur.

## Skotthúfan áfram vinsæl



Frá Skotthúfunni 2026.

Þjóðbúningahátíðin Skotthúfan fór fram í lok júnímánaðar en hátíðin hefur fest sig í sessi og setur hún fagan brag á fallegan bæ þegar áhugafólk af öllu landinu heimsækir Stykkishólm

í sínu finasta pússi. Þátttaka var góð líkt og undanfarin ár enda dagskráin fjölbreytt og skemmtileg. Skotthúfan er haldin árlega og verður næst haldin 26. júní 2027.

## Víkingurinn 2026



Síðasti dagur aflraunakeppninnar Víkingurinn 2026 fór fram í Stykkishólmi sunnudaginn 26. júlí við góðar undirtektir áhorfenda. Sterkustu menn landsins mættu til leiks á og við Súgandiseyjargötu þar sem keppt var í tveimur síðustu greinum mótisins. Keppendur höfðu þá átt viðburðaríka daga að baki en keppnin fór

fram á Ólafsfirði, Síglufirði, Blönduósi, Ólafsvík og loks Stykkishólmi þar sem lokaslagurinn fór fram. Að lokinni keppni afhenti Steinunn I. Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs, verðlaun fyrir þrjú efstu sætin. Sigurvegari var Vilius Jokuzys, Audrius Jokubaitis var í öðru sæti en þriðji var Kristján Nielsson.

## Slátturóbot hefur reynst vel



Slátturróbótinn í Hólmgarði á góðviðrisdegi.

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur tekið í notkun slátturróbóta á völdum grænum svæðum innan bæjarins. Markmiðið með ver-

kefninu er að auka hagkvæmni í umhirðu opinna svæða, bæta nýtingu mannauðs og stuðla að umhverfisvænni rekstri. Slátturróbótinn sér um

reglulegan grasslátt á afmörkuðum svæðum og heldur grasflötum vel snyrtum allan vaxtartímann. Með þessari tækni gefst starfsfólki

sveitarfélagsins jafnframt meira svigrúm til að sinna öðrum verkefnum. Notkun slátturróbóta hefur farið vaxandi hjá sveitarfélögum bæði hér á landi og erlendis. Slík tæki eru yfirleitt knúin rafmagni og valda minni hávaða en hefðbundnar sláttuvélar.

Sveitarfélagið mun fylgjast með reynslunni af verkefninu í sumar og meta hvort tilefni sé til að fjölga þeim svæðum þar sem slátturróbótar verða nýttir í framtíðinni.

Íbúar eru hvattir til að brýna fyrir börnum sínum að sýna slátturróbótunum tillitssemi og forðast að trufla starfsemi þeirra þegar þeir eru við vinnu á þeim svæðum sem þeir sinna.

## Hreinsunarátak heldur áfram



Fyrr á þessu ári var ráðist í hreinsunarátak á Reitarvegi. Sveitarfélagið heldur nú áfram hreinsunarátakinu og hefur hvatt eigendur lausamuna á Skipavíkursvæði til að nýta gám sem þar

hefur verið staðsettur og fegra og hreinsa svæðið. Gámurinn er eingöngu ætlaður fyrir málma og járn og er liður í áframhaldandi átaki sveitarfélagsins til að bæta umgengni og

stuðla að snyrtilegum atvinnusvæðum. Sveitarfélagið hvetur alla sem eiga lausamuni úr járn á Skipavíkursvæðinu til að nýta sér gáminn og leggja sitt af mörkum til að gera svæðið snyrtilegra og öruggara. Í fyrra var gert heilmikið átak á svæðinu. Í frétt á vef sveitarfélagsins var greint frá áherslu hafnarstjórnar á þörf á að fegra og snyrta hafnarsvæðið við Skipavíkurhöfn, sér í lagi hvað varðar óhreyfða báta og vagna sem liggja jafnvel un-

dir skemmdum. Sveitarfélagið fór svo þess á leit við eigendur báta og lausafármuna á svæðinu að þeir fjarlægðu eigin sínar sem eru utan lóða á svæðinu. Verkefnið gekk vonum framar undir dyggri stjórn hafnarvarðar. Starfsmenn í áhaldahúsi settu svo punktinn yfir i-ið þegar settu niður jólatré á svæðinu eftir tiltektina. En betur má ef duga skal og er nú áhersla lögð á járnarusl á svæðinu en töluvert hefur nú þegar safnast í gáminn.

## Endurbætt vatnsrennibraut vekur lukku



*Rennibrautin nýtur aukinna vinsælda eftir breytingar.*

Í júnímánuði var ráðist í endurbætur á vatnsrennibrautinni í Sundlaug Stykkishólms. Markmið framkvæmdanna var að auka bæði öryggi og upplifun gesta af brautinni. Helsta breytingin felst í því að byggt hefur verið

yfir efri hluta brautarinnar. Með þeirri breytingu verður ferðin jafnari og skjólbetri auk þess sem hún eykur öryggi notenda. Jafnframt hefur verið komið fyrir svokölluðum dagsbirtuhringjum sem hleypa

birtu inn í brautina og skapa skemmtilega og litríkari upplifun á ferðinni.

Á myndinni hér að ofan má sjá bæði nýja yfirbyggingu brautarinnar og dagsbirtuhringina sem nú setja sérstakan

svip á rennislisleiðina.

Vatnsrennibrautin var framleidd af Van Egdom í Hollandi og var verkið unnið í samstarfi við Á. Óskarsson ehf., sem er söluaðili búnaðarins hér á landi.

Sveitarfélagið bindur vonir við að endurbæturnar geri brautina enn skemmtilegri fyrir gesti sundlaugarinnar og hvetur íbúa og gesti til að prófa hana í sumar. Þá eru notendur jafnframt minntir á að kynna sér og fylgja þeim öryggisreglum sem gilda um notkun brautarinnar. Reglurnar eru settar fram til að tryggja öryggi allra gesta og stuðla að ánægjulegri upplifun.

## Vinnuskóla lokið



*Starfsfólk vinnuskólans á leið í skemmtisiglingu.*

Föstudagurinn 17. júlí var síðasti vinnudagur sumarsins hjá vinnuskólanum. Af því tilefni var ungmennum komið á óvart og boðið í eyjasiglingu með Sæferðum daginn áður, að lokinni siglingu voru grillaðar pylsur áður en vinnudegi lauk. Starfsfólki vinnuskólans, un-

gmennum og flokkstjórum, eru færðar þakkir fyrir starfið í sumar og þeirra framlag við að halda umhverfinu okkar snyrtilegu. Samfélagsflokkurinn heldur áfram störfum fram í miðjan ágúst. En framundan er m.a. vinna við göngustígagerð og fleira.

## Bruni á Skúlagötu



Sveitarfélagið Stykkishólmur færir öllum þeim sem komu að aðgerðum vegna brunans sem varð í íbúðarhúsi í bænum 29. júlí innilegar þakkir fyrir skjót og fagleg viðbrögð.

Sveitarfélagið þakkar jafnframt íbúum fyrir sýnda samstöðu og skilning á meðan aðgerðir stóðu yfir og sendir þeim sem urðu fyrir tjóni hugheilar kveðjur.

## 12. ágúst – viðbragð vegna sólmyrkva



*Sveitarfélagið hefur gefið öllum leik- og grunnskólabörnum í sveitarfélaginu sérstök sólmyrkvagleraugu til að tryggja öryggi augna.*

Þann 12. ágúst 2026 verður almyrkvi á sólu sjáanlegur frá Íslandi í fyrsta sinn síðan 1954. Almyrkvi á sér stað þegar tunglið gengur beint milli sólar og jarðar og skyggir alveg á sólina í örfáar mínútur. Á þeim tíma verður dimmt og hitastig getur jafnvel lækkað lítillega. Fyrir og eftir almyrkva sést deildarmyrkvi, það er þegar tunglið skyggir á hluta sólar. Almyrkvinn sést frá Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesskaga. Búist er við miklum straum ferðamanna til landsins vegna þessa en gistiþláss á Vesturlandi er svo gott sem uppbókað fyrir þó nokkru síðan. Almyrkvinn mun vara einna

lengst yst á Snæfellsnesi, en Vegagerðin hefur boðað vegalokanir og tímabundnar umferðarstýringar þar sem búist er við miklum umferðarpunga, m.a. á Snæfellsnesi. Tímabundin einstefna verður í vestur frá Búðum í átt að Hellissandi um Útnesveg (574) frá kl. 12:00 þann 12. ágúst. Þá verður Öndverðarnesvegur lokaður en boðið verður uppá rútufurðir út á Öndverðarnes á vegum Snæfellsjökulspjóðgarðs. Gestir sem ferðast um Snæfellsnes ættu að gera ráð fyrir lengri ferðatíma, hægri umferð og að þurfa að dvelja áfram á svæðinu eftir að myrkvanum lýkur. Gert er ráð fyrir að umferð um Borgarnes verði

hæg, tafir geti myndast við helstu gatnamót, hringtorg og þjónustusvæði.

Deildarmyrkvi hefst um 16:45 og nær almyrkvi hámarki um 17:47, deildarmyrkva lýkur svo um 18:46. Nákvæmar tímasetningar og lengd almyrkva eru mismunandi eftir staðsetningu. En allar upplýsingar um málið má finna á [solmyrkvi2026.is](http://solmyrkvi2026.is)

### Heilmikið um að vera á Hellissandi

Hellissandur verður þungamiðja hátíðarinnar Iceland Eclipse sem stendur frá 11. - 15. ágúst og er haldin í tilefni almyrkvans. Um er að ræða alþjóðlega tónlistar- og mennin-

garhátíð þar sem fjöldi íslenskra og erlendra tónlistarmanna og fræðimanna koma fram. Gert er ráð fyrir að allt að 5000 gestir dvelji í viku á Hellissandi vegna hátíðarinnar. Geimferðamiðstöð Bandaríkjanna (NASA) verður í þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökulspjóðgarðs á Hellissandi með stóra sjónauka og beinar útsendingar á sínum miðlum. Lögreglan á Vesturlandi verður með aukið viðbragð og auka mannskap í sveitarfélaginu auk þess sem Slökkvilið Snæfellsbæjar verður með slökkvibíl og mannafla á Hellissandi vegna hátíðarhaldanna. Á aflagðri flugbraut á flugvöllinum á Rífi verða bílastæði fyrir allt að 900 bíla. En á flugbrautinni sem enn er í notkun er gert ráð fyrir þýrlum og einkaflugvélum auk þess sem fallhlífasamtök Íslands verða með stóran hóp fallhlífastökkvara á svæðinu. Rúmlega 40 skemmtiferðaskip ætla að raða sér upp á almyrkvaslóðinni með tugþúsundum farþega. Það er því ljóst að mikill fjöldi ferðamanna verður á Snæfellsnesi til að fylgjast með þessum einstaka náttúruatburði en erfitt er að leggja mat á hve margir ætla að fylgjast með frá Stykkishólmi.

## Stúkusæti í Stykkishólmi

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leituðust eftir því að sveitarfélög skilgreindu „safnstæði“ fyrir almyrkvann, þangað sem hægt væri að

beina áhugasömum sem vilja safnast saman og fylgjast með almyrkvanum. Íþróttavöllurinn í Stykkishólmi varð fyrir valinu en þar kemst hæglega mikill fjöldi fólks fyrir, bæði í stúku og á vellinum sjálfum.

Bílastæði eru við íþróttamiðstöð, grunnskóla og tjaldsvæði og salerni á tjaldsvæði og í íþróttamiðstöð. Einnig er þaðan stutt í verslun og þjónustu.

Stjórnvöld hafa ráðlagt íslendingum að upplifa

almyrkvann heima eða í nærumhverfi sínu til að draga úr álagi á samgöngur og innviði. Eins og fram hefur komið má gera ráð fyrir miklum umferðarþunga miðvikudaginn 12. ágúst 2026.

## Danskir dagar fara fram í ágúst



Frá Dönskum dögum 2023.

Dagana 12.–16. ágúst 2026 verða Danskir dagar haldnir í Stykkishólmi. Hátíðin er ein elsta bæjarhátíð landsins og hefur verið haldin frá árinu 1994. Eftir afar vel heppnaða hátíð árið 2024 er á ný stefnt

að fjölbreyttri og líflegri bæjarhátíð þar sem íbúar og gestir koma saman og njóta þess besta sem Stykkishólmur hefur upp á að bjóða.

Danskir dagar eru órjúfanlegur hluti af menningarlífi Stykkishólms

og hafa í gegnum árin skapað vettvang fyrir fjölbreytta afþreyingu, tónlist, listir, íþróttir og fjölskylduskemmtun. Hátíðin einkennist af góðri stemningu, samveru og öflugum samstarfi íbúa, fyrirtækja, félaga

samtaka og sjálfbóðaliða sem leggja sitt af mörkum til að gera helgina eftirminnilega.

Undirbúningsnefnd Danskra daga hefur staðið í ströngu við undirbúning hátíðarhalds, en dagskráin í ár er hlaðin skemmtilegum viðburðum við allra hæfi. Gestir geta því látið sig hlakka til skemmtilegrar bæjarhátíðar í hjarta Stykkishólms.

Nánari upplýsingar um dagskrá og viðburði verða birtar á facebooksíðu danskra daga.

Dagskrá Danskra daga 2026 má sjá á baksíðu blaðsins.

## Bílastæði við enda Borgarbrautar



Bílastæði við enda Borgarbrautar.

Síðastliðið sumar voru götur í Víkurhverfi malbikaðar. Borgarbrautin var lengd inn í hverfið auk þess sem Imbuvík,

Bauluvík og Daddavík voru malbikaðar. Við enda Borgarbrautar voru malbikuð bílastæði sem eru í eigu sveitar-

félagsins og eru hugsað fyrir þá sem vilja leggja bílnum þar og njóta útivistar í nágrenninu, en þó nokkuð er um að fólk gangi um svæðið. Stæðin nýtast einnig þeim sem sækja sjósund í Móvíkinni. en bæði Daddavík og Imbuvík eru vistgötur þar sem ekki er heimilt að leggja bílum í götunni.

Sveitarfélagið Stykkishólmur gefur út fréttaritið *Helstu fréttir mánaðarlega*.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.



## Onsdag den 12. august

**12:00 Veitingastaðir** opnir frá hádegi  
**17:15 Almyrkvi** á íþróttavellinum  
 Upplifum almyrkvann (17:45) saman á íþróttavellinum.  
**12:00 - 17:00 Holy cow** í Freyjulundi  
 Pop-up verslun dagana 8.-12. ágúst.

## Torsdag den 13. august

**17:00 Snobrød með Villa** í Nýrækt  
**22:30 DJ** á Skipper

## Söndag den 16. august

**10:00 Töfranámskeið** í Tónó  
 Langar þig að læra töfibrögð?  
 Allir velkomnir.  
**12:00 Töfrasýning** í Tónó  
 Lalli töframaður sýnir töfibrögð.

## Fredag den 14. august

**14:30 Jón Dagur** á Skipper  
 Jón Dagur spilar á saxafóninn, glædestund á barnum.  
**16:15 Setning hátíðar** í Hólmgarði  
**16:15 Spinning** í speglasalnum í Íþróttahúsinu  
 Heiðrún Edda kemur ykkur í girinn fyrir helgina. Mætum í rauðu og hvítu. Skráning í síma 782-1908.  
**16:30 Leikhópurinn Lotta** í Hólmgarði  
 Sveitarfélagið Stykkishólmur býður á sýninguna.  
**17:00 Hárbandið** fyrir utan Hárstofuna  
 Í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá fyrstu opnun býður Hárstofan upp á tónlistartriði fyrir utan stofuna þar sem "Hárbandið" mun stíga á stökk og skemmta gestum og gangandi. Hárbandið skipa tryggustu viðskiptavinir Hárstofunnar þeir Jón Sindri Emilsson, Bæring Núi Dagsson og Bæring Breiðfjörð Magnússon.  
**18:00 Gadefest** um allan bæ  
 Bæjarbúar eru hvattir til að halda í hefðina og hafa hverfagrill í sínu nærumhverfi.  
**Siggi Orri** flakkar milli grilla með gítarinn og kyndir upp í stemmingunni.  
**21:00 KK** á Narfeyrarstofu  
 KK fagnar 70 árum og flakkar um landið í tilefni þess. Þetta verður kvöld fullt af söng, gítar og góðum sögum. Miðasala á Tix.is.  
**23:00 Trúbador** á Narfeyrarstofu  
**Siggi Orri** heldur uppi stuðinu fram eftir kvöldi.

## Lördag den 15. august

**10:00 Børneløb** frá Ráðhúsinu  
 Hlaup fyrir káta krakka hverjum flesta til að mæta í búningum. Að loknu hlaupi verður boðið upp á hressingu frá MS.  
**12:00 Ælløb** frá Sjávarpakkhúsinu  
 Snjólfur Björns og félagar sjá um björhlaupið í ár sem er í boði Sjávarpakkhússins og Ölgerðarinnar.  
**12:00 Netverslanir** í tjaldinu  
 Óli prik, Calma, Memo og Sælar.  
**Tivolí** á Bankatúninu yfir daginn  
 Kastalar mæta aftur með tivolíið sitt. Eins og síðast hafa þau fengið hressa krakka úr Hólminum til að aðstoða sig og launa þeim með styrk ferðasjóð fyrir útskriftarferð.  
**13:00 Snæfell - Reynir Hellissandur**  
 Snæfell og Reynir Hellissandur mætast í stemmingsleik á vellinum.  
**13:00-15:00 Stiklur**  
 Sýningaropnun í Norska húsinu  
 Elva Hreiðarsdóttir opnar myndlistarsýningu.  
**14:00 Sandra Thomsen** syngur í Norska húsinu  
**14:00-16:00 Loppemarked** á Bankatúninu  
 Hólmara selja allskonar gull úr geymslunni. Skráning á danskirdagar@stykkisholmur.is.  
**14:30 Hammer time** á torginu hjá Norska húsinu  
 Ertu handlagnasti Hólmarrinn? Keppni að dönskum sið. Veglegur vinningur.

## 15:00 Musík á sviðinu

KK  
 Daði Freyr  
 Dynjandi  
 Siggi Orri



## 20:00 Festival stemning á sviðinu

Lalli töframaður kynnir VÆB  
 Bæring²  
 Brekkusöngur með Lalla töframanni  
 Draugabanarnir

